

Kæru bæjarbúar, gestir og vinir.

Til hamingju með Þjóðhátíðardaginn, 17. júní.

Í dag komum við saman til að fagna frelsi okkar, sjálfstæði og því samfélagi sem við byggjum saman á hverjum degi. Þessi dagur gefur okkur tilefni til að staldra við, líta yfir farinn veg og þakka fyrir það sem við eigum, en jafnframt horfa bjartsýn til framtíðar.

Þjóðhátíðardagurinn er einn af mikilvægustu dögum Þjóðarinnar. Á þessum degi minnumst við þess að sjálfstæði Íslands varð ekki til af sjálfu sér. Það byggðist á hugsjónum, þrautseigju og trú fólks á að við gætum sjálf ráðið eigin framtíð. Við minnumst þeirra sem lögðu grunn að því samfélagi sem við búum við í dag og þeirra sem höfðu kjark til að horfa fram á veginn þegar verkefni virtust stór og erfið.

En Þjóðhátíðardagurinn snýst ekki aðeins um fortíðina. Hann snýst líka um nútímann og framtíðina. Hann minnir okkur á að hvert og eitt okkar á þátt í að móta það samfélag sem við viljum búa í og skilja eftir fyrir komandi kynslóðir.

Reykjanesbær er einstakt samfélag. Hér býr kraftmikið fólk sem hefur í gegnum tíðina sýnt seiglu, frumkvæði og samhug. Á síðustu árum höfum við séð þessa eiginleika skýrar en nokkru sinni fyrr. Við höfum staðið saman á tímum mikilla breytinga og óvissu og sýnt að styrkur samfélagsins felst ekki aðeins í innviðum eða atvinnulífi heldur fyrst og fremst í fólkinu sjálfu.

Við höfum tekist á við áskoranir, fagnað sigrum og byggt upp samfélag sem einkennist af fjölbreytileika, dugnaði og samstöðu. Fólk hefur komið hingað víða að, sótt hingað tækifæri og lagt sitt af mörkum til að skapa það samfélag sem við þekkjum í dag. Sá fjölbreytileiki er einn af okkar mestu styrkleikum og gerir Reykjanesbæ að enn betri stað til að búa og starfa á.

Þjóðhátíðardagurinn minnir okkur einnig á að samfélög verða ekki til af sjálfu sér. Þau verða til vegna fólksins sem leggur sitt af mörkum á hverjum degi; fjölskyldna, fyrirtækja, félagasamtaka, starfsfólks stofnana, sjálfboðaliða og allra þeirra sem vinna að því að gera samfélagið okkar betra.

Við sjáum þetta á hverjum degi. Við sjáum það í starfi kennara, heilbrigðisstarfsfólks, björgunarsveitarfólks, iðnaðarmanna, verslunarfólks, íþróttþjálfara og allra þeirra sem sinna störfum sínum af ábyrgð og metnaði. Við sjáum það í foreldrum sem ala upp börn sín, í eldri borgurum sem miðla reynslu sinni og í unga fólkinu sem hefur hugrekki til að láta drauma sína rætast.

Við höfum margt til að vera stolt af hér í Reykjanesbæ. Við búum í sveitarfélagi sem hefur vaxið hratt, tekið á móti nýjum íbúum og skapað fjölmörg tækifæri. Framtíðin er björt og verkefni fram undan eru spennandi.

En um leið og við fögnum því sem áunnist hefur ber okkur að muna að framtíðin verður ekki til af sjálfu sér. Hver kynslóð tekur við samfélagi í arf og ber ábyrgð á að skila því áfram enn sterkara. Með samvinnu, virðingu og vilja til að leggja okkar af mörkum getum við tryggt að komandi kynslóðir njóti sömu tækifæra og við höfum notið.

Á þessum degi heiðrum við einnig menningu okkar og listir. Menningin auðgar líf okkar, styrkir samfélagið og hjálpar okkur að skilja betur bæði okkur sjálf og hvert annað. Hún gefur samfélaginu rödd og skapar sameiginlegar minningar sem lifa lengur en flest annað.

Þess vegna er sérstök ánægja að fá síðar í dagskránni að afhenda heiðursnafnbótina Listamaður Reykjanesbæjar. Sú viðurkenning er veitt fyrir framúrskarandi framlag til lista og menningar og er mikilvægur þáttur í því að heiðra þau sem auðga samfélag okkar með sköpun sinni, hugsjónum og eldmóði.

Kæru bæjarbúar.

Á degi sem þessum finnum við hvað það er dýrmætt að tilheyra samfélagi. Við finnum styrkinn sem felst í samstöðunni og gleðina sem fylgir því að koma saman og fagna því sem sameinar okkur.

Það eru mér mikil forréttindi að fá að ávarpa ykkur á þessum þjóðhátíðardegi og þjóna því samfélagi sem við eigum saman. Á hverjum degi sé ég þann kraft, metnað og hlýju sem býr í íbúum Reykjanesbæjar og fyrir það er ég þakklát.

Nýtum þennan dag til að gleðjast saman, njóta samverunnar og fagna því sem sameinar okkur. Megi Reykjanesbær áfram vera samfélag þar sem fólk finnur tækifæri, tilheyrir og fær notið sín – samfélag sem við getum öll verið stolt af.

Til hamingju með daginn og gleðilega þjóðhátíð.

Margrét Þórarinsdóttir, forseti bæjarstjórnar